

Samstarf

vinnuhóps þjóðaröryggisráðs um upplýsingaóreiðu og COVID-19 og Vísindavefs Háskóla Íslands.

Misvísandi og rangar upplýsingar um COVID-19-faraldurinn, einkum á samfélagsmiðlum, er alþjóðlegt vandamál og mikilvægt að fjölmiðlar og almenningur geti staðreynt þær upplýsingar sem berast hratt um heiminn.

Mikilvægi vísinda, sérfræðiþekkingar og samvinnu á sem flestum sviðum er öllum ljóst um þessar mundir. Vísindavefur Háskóla Íslands hefur lagt sitt af mörkum til upplýstrar umræðu um allt það sem tengist veirum og COVID-19 og m.a. sett á laggirnar sérstaka ritnefnd fræðimanna. Ritnefndin og aðrir sérfræðingar Vísindavefsins hafa undanfarnar vikur svarað mörgum spurningum sem eru aðgengilegar á Vísindavefnum undir yfirskriftinni: **COVID-19 — upplýst umræða.**

Samstarfi Vísindavefsins og vinnuhóps þjóðaröryggisráðs um upplýsingaóreiðu og COVID-19 er ætlað að greiða fyrir því að fjölmiðlar og almenningur geti leitað staðfestingar á upplýsingum sem berast til þeirra með sambærilegum hætti og gert er í mörgum öðrum ríkjum sem Ísland er í samstarfi við á ýmsum sviðum. Samstarfið felur einnig í sér að fjölmiðlar geti leitað til vísindamanna með milligöngu ritstjórnar Vísindavefsins um að staðreyna upplýsingar er varða heimsfaraldurinn.

Samstarfshugmyndir:

1. Svör í sérstökum flokki á Vísindavefnum sem kallast COVID-19 — upplýst umræða verða birt á covid.is og eins samfélagsmiðlum undir merkjum Vísindavefsins, embættis landlæknis og almannavarnanefndar ríkislögreglustjóra.
2. Fjölmiðlar og almenningur geti leitað til ritnefndar Vísindavefsins til þess að staðreyna upplýsingar sem tengjast COVID-19.
3. Embætti landlæknis og Vísindavefurinn vinna saman að svara og halda utan um fyrirspurnir, bæði sem koma í gegnum vefinn covid.is og er beint til Vísindavefsins.

5. maí 2020